

Geðhjálp gagnrýnir fjáröflunarleiðir trúfélaga:

# Hafa fé af geðsjúkum

**TRÚFÉLÖG** „Við höfum gögn sem sýna að trúfélög hafa verið að notfæra sér bágindi geðsjúkra til að hafa af þeim fé“, segir Sveinn Magnússon framkvæmdarstjóri Geðhjálpar. Hann segir sum mál- in skelfileg og dæmi séu um sjálfsvíg. Sveinn segir að sent hafi verið erindi til landlæknis-embættisins og heilbrigðisráðu- neytisins þar sem gerð sé krafa hvort fjáröflunarleiðir frjálstra trúfélaga brjóti í bága við lög.

Sveinn segir gögn sýna að sumir einstaklinga hafi reitt af hendi milljónir króna til trúfélaga og aðrir hundruð þúsunda. „Al- varlegast er sú vinna sem viðhöfð er til að nálgast þetta fé. Fólk er

ekki að gefa af eigin hvötum held- ur er búið að hafa í frammi mógsefjum og heilapvott. Þá er spilað á ranghugmyndir fólks sem komnar eru til vegna geð- hvarfa.“

Sveinn segir trúna svo sannar- lega hafa hjálpað mörgum. Ekki sé lagt í krossferð til að uppræta trúfélög heldur einungis að koma í veg fyrir mistúlkun trúarinnar og misnotkun á bágindum fólks.

Stjórnarfundur verður haldinn hjá Geðhjálp í dag. Sveinn segir að þá verði tekin ákvörðun um framvindu málsins. Hann segist ekki eiga von á öðru en að fyrir- liggjandi gögn verði komið áleið- is til yfirvalda. ■